



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

583. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. september 2024
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Þorsteinsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002

Vinna hefur staðið yfir við gerð Þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins: stöðutaka 2024, en með henni er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis, auk annarra aðgerða til að ná fram markmiðum svæðisskipulags um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Þróunaráætlun er einnig ætlað að miðla upplýsingum um stöðuna og uppbyggingaráform. Í þróunaráætlun er fjallað um heimildir í skipulagi fyrir byggingu íbúða, þ.e.a.s. óbyggt húsnæði í skipulagi. Helga Frímenn Kristjánsdóttir kynrir.

Gestir

Helga Frímenn Kristjánsdóttir ráðgjafi hjá VSÓ

Niðurstaða:

Skýrslan verði unnin áfram til samræmis við umræður fundarins og lögð fram á næsta reglulega fundi stjórnar.

2. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Vísað er til fyrri umræðu stjórnar SSH um málið en hún fór fram á 576., 578., 579. og 580. fundum. Gerð er tillaga um að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði landshlutans og að framkvæmdastjóra verði falið að gera viðaukasamning við sóknaráætlun við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjármögunar við innleiðingu. Nánar er fjallað um málið í fyrirliggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 30. ágúst 2024. Fyrirliggjandi eru einnig glærur frá kynningu Svandísar Ingimundardóttur um málið sem fór fram á 576. fundi stjórnar.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði innan höfuðborgarsvæðisins. Er framkvæmdastjóra þá falið að gera viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjármögnun ráðningar verkefnastjóra sem starfi að undirbúningi stofnunar farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og að ráða



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

verkefnastjóra á grundvelli hans.

Framangreint verði sent aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Á 566. fundi stjórnar SSH var fallist á tillögu Samstarfsnefndar skíðasvæðanna um uppfærslu þarfagreiningar og kostnaðaráætlana varðandi uppbyggingu í Skálafelli og að meðan sú vinna stæði yfir væri öllum frekari framkvæmdum í Skálafelli sem fyrirhugaðar voru samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna frestað um tvö til þrjú ár. Var verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum falið að vinna að málinu.

Fyrirliggjandi er nú skýrsla verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum sem unnin var af VSO um uppbyggingu til framtíðar á skíðasvæðinu í Skálafelli, dags. júní 2024, sem felur í sér kostnaðarmat og framkvæmdaáætlanir verkefnisins. Lagt er til að skýrslunni verði vísað til Samstarfsnefndar skíðasvæðanna til frekari umræðu og tillögugerðar til stjórnar SSH.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 26. júní 2024.

Niðurstaða:

Skýrslu um uppbyggingu til framtíðar á skíðasvæðinu í Skálafelli er vísað til Samstarfsnefndar skíðasvæðanna til umræðu og tillögugerðar til stjórnar SSH.

4. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010

Farið yfir stöðu mála varðandi umfjöllun sveitarfélaganna um uppfærslu Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða:

Umræður

5. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Á 571. fundi var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna nánar að útfærslu fyrirkomulags við vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar. Gerð er tillaga um að fundur með samráðsvettvangi verkefnisins skv. 97. gr. sveitarstjórnarlaga verði haldinn samhliða aðalfundi SSH hinn 1. nóvember nk.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Hinsegin félagsmiðstöð - 2407010

Fyrirliggjandi er erindi frá Samtökunum '78 dags. 16. júlí 2024, þar sem fram kemur ósk um aðkomu SSH að rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar. Var erindið lagt fram til kynningar á 581. fundi og frekari umræðu frestað.

Niðurstaða:

Erindið verði sent Skólamálanefnd SSH og óskað eftir frekari greiningu og upplýsingum um þá þjónustu sem sveitarfélögin veita hinsegin ungmennum á



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

þessu sviði.

7. Endurnotkun á textíl-tilraunaverkefni - Sóknaráætlun 2024 - 2404010

Á 577. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum vegna ofangreinds verkefnis. Fyrirliggjandi er nú til kynningar er undirritaður samningur SSH og Sorpu bs. um framkvæmd þess.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Önnur mál - 2110011

Lagt er til að stjórn SSH óski eftir fundi með mennta- og barnamálaráðherra, dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, forstjóra Barna- og fjölskyldustofu og yfirlækni Barna- og unglingageðdeildar með velferð og öryggi barna og unglinga í huga.

Niðurstaða:

Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir fundi með framangreindum aðilum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.